

## G J A L D S K R Á

### Rafveitu Hafnarfjarðar.

Með áorðnum breytingum skv. heimild í IV. kafla gjaldskrár þessarar.

#### I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

##### A. Lýsing.

- 01 1. Um kWh-mæli á kr. 10.66 hverja kWh.  
 02 2. Um kWh-mæli á kr. 5.10 hverja kWh auk fastagjalds er nemi kr. 1380.00 á ári fyrir allt að 25 m<sup>2</sup> gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og kr. 26.00 fyrir hvern m<sup>2</sup> umfram 25 m<sup>2</sup>. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í íbúðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 12.00 á m<sup>2</sup> á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílóvattstunda.

##### B. Almenn heimilisnotkun.

- 12 Um kWh-mæli á kr. 2.35 hverja kWh og auk þess fastagjald kr. 240.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

##### C. Vélanotkun.

- 20 1. Um kWh-mæli á kr. 5.10 hverja kWh.  
 23 2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kWh-mæli á kr. 2530.00 hvert árs-kW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWh-mæli á kr. 0.90 hverja kWh. Minnsta aflgjald er kr. 12 650.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

##### D. Hitun.

1. Um kWh-mæli á kr. 2.35 hverja kWh.
2. Um kWh-mæli á kr. 0.83 hverja kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.
3. Um kWh-mæli á kr. 0.43 hverja kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

##### *Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- a. Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrirmælum Rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafizt.
- d. Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.

- e. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitapörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafizt og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitapörfin er miðuð.

### E. Stórnotkun.

- 50 Um mæla þannig reiknað enda sé aflnotkun minnst 200 kW.  
Aflgjald: kr. 4064.00 hvert árskW.  
Orkugjald: kr. 0.45 hverja kWh.  
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

### F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
- 40 2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, þannig:  
a. Um kWh-mæli á kr. 5.60 hverja kWh.  
b. Um mestastraumsrofa á kr. 56.00 hvert amper á mánuði. Rafveitstjóri ákveður hvort settur skuli upp kWh-mælir eða mestastraumsrofi.
- 41 3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: Kr. 14 635.00 hvert árskilóvatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar.  
Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

### G. Mælaleiga.

1. Af einfasa mælum kr. 12.00 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 100 A, kr. 30.00 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A, kr. 50.00 á mánuði.
4. Af mestumælum kr. 76.00 á mánuði.

## II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m, skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir.

Málstraumur stofnvara	Jarðlína		Loftlína	
	Lágmark Kr.	Yfirlengd Kr.	Lágmark Kr.	Yfirlengd Kr./stólpa
220 V kerfi:				
63 A 1-fasa .....	9 900	550	7 500	7 290
100 A 1-fasa .....	12 000	660	9 500	9 110
63 A 3-fasa .....	12 400	660	9 500	9 110
100 A 3-fasa .....	15 400	750	10 800	11 390
125 A 3-fasa .....	19 200	840	13 500	11 950
200 A 3-fasa .....	30 000	1140	21 400	13 660
300 A 3-fasa .....	43 300	1390		

Málstraumur stofnvara	Jarðlína		Loftlína	
	Lágmark Kr.	Yfirlengd Kr.	Lágmark Kr.	Yfirlengd Kr./stólpa
<b>380 V kerfi:</b>				
63 A 1-fasa .....	9 900	550	8 500	7 290
63 A 2-fasa .....	12 000	550	9 500	8 500
63 A 3-fasa .....	16 800	660	12 900	9 110
100 A 3-fasa .....	26 600	750	19 200	11 390
125 A 3-fasa .....	33 200	840	23 300	11 950
200 A 3-fasa .....	52 000	1140	36 800	13 660
300 A 3-fasa .....	75 000	1390		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 400.00 á hvert kVA. Skal þá miða aflíð við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi, reiknast frá varkassa stytztu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd stærri jarðlínuheimtaugar, en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m. frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A í 220 og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 4000 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði en gera honum viðvart um það fyrirfram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps.

### III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald sky. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 200.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkvæmt kostnaði.

### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að ákveða leigu fyrir mælitæki og fjarstýrisrofa og að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannarafveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun.

Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvisitölu eftir 1. febrúar 1968, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960 um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í kafla I í gjaldskrá þessari. Gjaldskrárlíðirnir í kafla I að undanskildum lið F 3 og liðum G 1—4, gilda frá og með 20. september 1970. Gjaldskrárlíðirnir F 3 og liðirnir G 1—4 ásamt köflum II, III og IV, gilda frá og með 1. nóvember 1970 samkvæmt heimild Iðnaðarráðuneytisins hinn 1. febrúar 1971, 22. marz 1971 og 9. ágúst 1971.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 65 22. febrúar 1968.

*Iðnaðarráðuneytið, 1. september 1971.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

### AUGLÝSING

um að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, skuli ekki beitt gagnvart þegnum tiltekinna ríkja.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki nr. 47 2. maí 1968, hefur ráðuneytið ákveðið, að fenginni yfirlýsingu um gagnkvæma réttarvernd, að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. nefndra laga varðandi skyldu erlendra aðila, sem sækja um að skrásetja vörumerki hér á landi, til að leggja fram vottorð um samsvarandi skrásetningu í heimalandi sínu, skuli ekki beitt gagnvart þegnum Svíþjóðar.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. september 1971.*

**Magnús Kjartansson.**

*Árni Þ. Árnason.*